

Skattavakt PwC

Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

Júní 2008 – 6. tölublað

1. Álit Eftirlitsstofnunar EFTA – Íslenska ríkið beðið um að breyta reglum um skattlagningu söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði.

Þann 18. júní sl. gaf Eftirlitsstofnun EFTA út bindandi álit þar sem fram kemur sú skoðun stofnunarinnar að reglur íslenskra skattalaga um frestun skattlagningar og mögulega skattundanhágu af söluhagnaði af íbúðarhúsnæði á Íslandi séu ekki samrýmanlegar EES samningnum.

Samkvæmt túlkun íslenskra yfirvalda eru hin ívilnandi ákvæði háð þeim skilyrðum að endurfjárfest sé innan tveggja ára í sambærilegri fasteign á Íslandi auk þess sem gert er að skilyrði að hinn skattskyldi aðili sé búsettur á Íslandi.

Eftirlitsstofnunin álitur að hér sé um að ræða sams konar skilyrði og um var að ræða í dómi Evrópudómstólsins í máli C-345/05 Commission v Portugal og C-104/06 Commission v Sweden.

Í áliti sínu kemst stofnunin að því að skilyrði fyrir endurfjárfestingu innan Íslands og skilyrði um búsetu á Íslandi feli í sér hömlur á frjálsu flæði vinnuafis sbr. 28. gr. EES samningsins, búseturétti sbr. 31. gr. EES samningsins og frjálsu flæði fjármagns sbr. 40. gr. EES samningsins.

Stofnunin telur að skilyrðið varðandi endurfjárfestingu sé til þess fallið að koma í veg fyrir að einstaklingar búsettir á Íslandi selji fasteignir sínar með það í huga að nýta rétt sinn til að leita atvinnu eða nýrrar búsetu innan annars EES ríkis. Á sama hátt kemst stofnunin að þeirri niðurstöðu að með því að veita þessar skattaávilnanir einungis til einstaklinga sem búsettir eru á Íslandi þá leiði það til þess að erlendir aðilar séu beittir óhagstæðari skattameðferð sem samræmist ekki ákvæðum EES um fjórfrelsið.

Markmið álitsins er að gefa íslenska ríkinu færi á að bæta úr löggjöf sinni að því leyti sem um ræðir áður en ákveðið verður hvort rétt sé að senda málið til EFTA dómstólsins. Íslenska ríkið hefur þrjá mánuði til að gera ráðstafanir til að færa löggjöf sína í réttan farveg hvað þetta varðar.

Í þessu sambandi má geta þess að það hefur gætt ákveðinnar

Efnisyfirlit

1. Álit Eftirlitsstofnunar EFTA

Nýtt álit Eftirlitsstofnunar EFTA kveður á um að reglur íslenskra skattalaga um frestun skattlagningar og mögulega skattundanhágu af söluhagnaði af íbúðarhúsnæði á Íslandi séu ekki samrýmanlegar EES samningnum.

2. Ný lög um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Á dögum voru samþykkt ný lög sem kveða á um tilteknar breytingar á tekjuskattslögum. Lögin eru nr. 61/2008 og varðar meginefni þeirra yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við gerð kjarasamninga almenna vinnumarkaðarins í febrúar á þessu ári.

íhaldsemi hjá íslenskum stjórnvöldum í túlkun á íslenskum lögum til samræmis við EES samninginn. Benda má á eftirfarandi texta sem er úr bindandi áliti ríkisskattstjóra nr. 1/08 þar sem fjallað var um millilandasamruna. Þar segir m.a.

“Vegna tilvísana umboðsmanns álitsbeiðanda til ákvæða EES-samningsins og röksemda hans í þá átt að skýra beri íslensk skattalög til samræmis við ákvæði EES-samningsins vill ríkisskattstjóri taka fram að aðlögun íslenskrar löggjafar, m.a. á sviði skattaréttar, hefur tíðast verið að frumkvæði Alþingis við þær aðstæður að talið sé að samningsskuldbindingar íslenska ríkisins séu brotnar og þá gjarnan á grundvelli álits Eftirlitsstofnunar EFTA. Reglugerðum framkvæmdanefndar EB hefur aftur á móti verið veitt gildi hér á landi með útgáfu reglugerða af hendi viðkomandi fagráðuneytis. Telja verður að þrátt fyrir að yfirsattanefnd hafi í úrskurðarfordæmum sínum undirstrikað að meginreglan sé ótvíræð varðandi það að skýra beri lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES samninginn og þær reglur sem á honum byggja, þá munu skattyfirvöld áfram sýna varfærni við túlkun einstakra ákvæða skattalaga með hliðsjón af samningsskuldbindingum íslenska ríkisins eða dómum EFTA eða Evrópudómstólsins. Þessi afstaða skattyfirvalda byggir á því að skattlagning byggir almennt á innbyrðis samræmi skyldna og ívilnana og að telja verður að meira þurfi til en lögskýringu stjórnvalds eins saman við að hnika til hliðar því einstaka ákvæði, sem steyta kann á hverju sinni.”

Þrátt fyrir að “varfærnissjónarmiðið”, sem skattyfirvöld kveðast beita við túlkun skattalaga til samræmis við EES samninginn, geti ekki beinlínis talist vera viðurkennd lögskýringarregla, þá verður að ætla að eðlilegt sé að slíkrar varfærni sé gætt við sérhverja lögskýringu. Hins vegar má velja því fyrir sér hvort það dragi úr gildi réttarheimilda eins og EES samningnum og jafnvel íslensku stjórnarskrárinnar að í úrskurðaframkvæmd skattyfirvalda hafi ítrekað komið fram að þau telji sig ekki bær til að úrskurða um gildi

settra laga gagnvart þessum umræddu réttarheimildum. Ef svo er, þá veita réttarheimildir eins og EES samningurinn takmarkaða réttarvernd á stjórnsýslustigi fyrir en rétthæð þeirra og afstaða þeirra gagnvart íslenskum lögum hefur fengið umfjöllun dómstóla eða viðeigandi afgreiðslu Alþingis.

Hvað sem öðru líður þá má gera ráð fyrir að umrætt ákvæði tekjuskattslaga varðandi skattlagningu á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis verði endurskoðað af íslenskum stjórnvöldum og hlýtur að mega gera ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp til breytinga á lögnum innan skamms.

2. Ný lög

Lög nr. 61/2008, um breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og fleiri lögum

Meginefni laganna varðar yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við kjarasamninga aðila almenna vinnumarkaðarins í febrúar 2008.

Helstu breytingar varða hækkun persónuafsláttar í þremur áföngum, hækkun á tekjuskurðingarmörkum barnabóta í tveimur áföngum þannig að viðmiðunarmörk tekna eru hækkuð og tekjuskurðingarhlutföll lækkuð. Þá hafa eignarviðmiðunarmörk vaxtabóta hækkað.

Hlutfall persónuafsláttar sem ráðstafa má uppí greiðslu tekjuskatts sem lagður er á fjármagnstekjur er hækkað úr 10/38 í 10/36 hluta af óráðstöfuðum persónuafslætti.

Þá hefur tekjuskattshlutfall lögaðila skv. 1., 2., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 verið lækkað úr 18% í 15% og tekjuskattshlutfall sameignarfélaga og samlagsfélaga verið lækkað úr 26% í 23,5%. Ákvæðið öðlast gildi 1. janúar 2008 og kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009 hjá þeim lögaðilum sem hafa almanaksárið sem reikningsár og hjá þeim sem hafa upphaf reikningsárs 1. febrúar 2008 eða síðar á því ári.

Lögleidd hefur verið breytt skattaleg meðferð á gengishagnaði og gengistapi. Veitt hefur verið heimild til að fresta skattlagningu gengishagnaðar umfram gengistap í þrjú ár frá því að gengishagnaðurinn fellur til. Sambærilegt ákvæði hefur verið innleitt varðandi gengishagnað en hann skal færa sem gengistap með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári sem gengistap fellur til. Þessi ákvæði öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2008 vegna tekna á árinu 2007.

Ákvæði varðandi skattlagningu arðstekna eða söluhagnaðar af hlutbréfum í höndum aðila með takmarkaða skattskyldu sæta breytingum sem fela í sér að þessar tekjur eru hér eftir skattlagðar í 10% þrepi. Samkvæmt eldri lögum sættu innlendir lögaðilar 10% afdrætti fjármagnstekjuskatts við útgreiðslu arðs sem kom til frádráttar endanlegum tekjuskatti, en væri rétthafinn lögaðili með erlenda heimilsfesti nam afdrátturinn 15% þar sem hann hefur ákvarðast af lögum nr. 245/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda þar sem skatthlutfallið er 15%. Þetta misræmi hefur hér með verið leiðrétt. Auk þess má benda á það sem fram kemur í greinargerð með ákvæðinu að með 4. gr. laga nr. 76/2007, var gerð breyting á 9. tölulið 31. gr. laga um tekjuskatt. Með breytingunni var lögaðilum sem bera takmarkaða skattskyldu skv. 7. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt og eru heimilisfastir í einhverju aðildarríkja EES heimilaður frádráttur sem nemur skattskyldum

arðstekjum með sama hætti og innlendum félögum. Með lögleiðingu þess nýja ákvæðis sem hér er fjallað um hefur afdráttarskattur af arðgreiðslum til erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi verið lækkaður úr 15% í 10% til samræmis við það sem gildir um innlenda aðila í því skyni að skapa jafnræði á grundvelli EES samningsins.

Skatta-og lögfræðisvið PricewaterhouseCoopers

Við hjá Skatta- og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

Alþjóðlega skattaráðgjöf • Milliverðlagningu („Transfer pricing“) • Skattlagningu rekstraraðila • Skattlagningu einstaklinga
Virðisaukaskatt • Félagarétt • Samruna, skiptingar og yfirtökur

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni sem skapast innanlands sem og erlendis.

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina þá er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ritstjóri: Ásta Kristjánsdóttir, Ráðgjafi / lögfræðingur + 354 550 5352 asta.kristjansdottir@is.pwc.com

Ábyrgðarmaður: Elin Árnadóttir, Sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs +354 550 5322 elin.arnadottir@is.pwc.com

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að aðhafast samkvæmt þessu vefriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf., PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem framkvæmdar eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2008 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. "PricewaterhouseCoopers" vísar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megir af samhengi eða beinum tilvisunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstöðu PricewaterhouseCoopers International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 550 5300 • Fax 550 5302
pwc.reykjavik@is.pwc.com